



# Pési

Næsti Pési kemur út  
13.maí. 2015. Efni þarf  
að berast í síðasta lagi  
10.maí 2015.

## Frá Bókasafni Hrunamanna

Vinsamlegast athugið breyttan opnunartíma í sumar.

### Opið í apríl:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18



### Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	<b>LOKAD</b>



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna  
Félagsheimilinu  
Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)  
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



# GLEÐILEGT SUMARI



Apríl 2015  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

25. árgangur.  
292 tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Nú er apríl runninn upp og vorið hefur verið seinna á ferðinni en oftast áður. Veturinn hefur verið brellinn og þó við höfum sloppið mun betur en margir varðandi mikla ófærð þá er veturinn orðinn drjúgur varðandi snjómokstur og hálkueyðingu. Vonandi er það frá og ég vil þakka verktökum okkar og vegagerðinni fyrir góða þjónustu í vetur þó auðvitað verður seint allt fullkomið í þessari vetrarveröld okkar.

Nú er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2014 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu. Það verður samt að segja að þar kemur m.a. fram hvað mikilvægt er að verðbólga sé skapleg en við græðum öll á því að hún sé sem lægst. Sveitarstjórn hefur samþykkt drög að samningum við Kirkjumálasjóð og ábúandann í Hruna varðandi annars vegar vatnstöku og vatnsvernd í Hruna og hins vegar afnot af landi undir Hrunaréttir. Hvoru tveggja eru mikilvæg mál og í tilfelli Hrunaréttar er gott að koma góðum og gildum munnlegum samningum í formlegra horf enda Hrunaréttir orðnar að einum af djásnum Hrunamannahrepps.

Nú er verið að skoða hvort hægt sé að koma Hvammsvegi í betra stand. Vegagerðin vill skila veginum til sveitarfélagsins og nú er verið að skoða með landeigendum og hagsmunaaðilum við Hvammsveg hvort hægt sé að gera samkomulag milli vegagerðarinnar, sveitarfélagsins og land- og hagsmunaaðila þannig að vegurinn verði varanlegur og lagður bundnu slitlagi. Það væri gott verk að geta klárað það því Gamla laugin er að verða eins og réttirnar, eitt af djásnum Hrunamannahrepps, sem kallar á betra aðgengi. Það er gaman að segja frá því að Héraðsnefnd Árneseinga hélt vorkund sinn á Flúðum í síðustu viku og Hrunamannahreppur fór með nefndina í stutta skoðunarferð. Þar á meðal voru þeim sýndar Hrunaréttir og Gamla laugin og vakti hvoru tveggja mikla og verðskuldaða athygli.

Annað mál sem mjakast áfram er að starfshópur Innaríkisráðherra fundaði á Flúðum um skýrslu um landsáætlun í uppbyggingu fjarskiptainniða. Í stuttu máli fjallar hún um það verkefni að ljósleiðarvæða dreifbýlið fyrir árið 2020 en þetta verkefni skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur öll. Vonandi hefur málið framgang á Alþingi þannig að hægt verði að fara að vinna sér í verkið.

Í samstarfi við forsætisráðuneytið hefur sveitarfélagið nú auglýst lóð undir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum þar sem aðalstarfsemi

Fannborgar fer nú fram. Þar sem landið er þjóðlenda gilda um það ákveðnar reglur sem þarf að færa í formlegan farveg og það þarf að fá góðan aðila til að halda utan um hálandismiðstöðina og sjá um að haldið verði uppi góðri umsjón og uppbyggingu á svæðinu. Samstarfið við núverandi aðila hefur verið gott og mikilvægt að enn eitt djásnið okkar, Kerlingarfjöllin, haldi gildi sínu bæði sem ferðamannastaður og náttúruperla.

Áfram er haldið með að skoða fyrirkomulag sorphirðu í sveitarfélaginu og samvinnu við nágrannasveitarfélög, bæði með mögulegt sameiginlegt útboð á sorphirðu og hvort menn fara í samræmda og frekari flokkun. Þetta mál er í vinnslu og á að virkja Umhverfisnefndir sveitarfélaganna í þessu sambandi en þessi málaflökkur mun þurfa að þróast á næstu árum til frekari flokkunar og endurnýtingar. Sorpsamfélagið á Suðurlandi á í vandamálum varðandi móttöku á úrgangi eins og þekkt er og endanleg lausn ekki í sjónmáli þannig að við þurfum að halda vöku okkar í þessum málaflökki. Ein umhverfisleg ábending þó og það er varðandi umgengni vegna hunda á Flúðum. Eins og kunnugt er þá er lausaganga hunda bönnuð á Flúðum og bið ég fólk að virða þá reglu auk þess sem að fólk á að hirða upp hundaskít eftir hunda sína. Það hefur því miður borið á verulegum sóðaskap af þessum sökum.

Búið er að ákveða rusladaginn í Hrunamannahreppi og verður hann föstudaginn 8. maí n.k. Fyrirkomulagið verður svipað og í fyrra þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Vil ég hvetja íbúa og fyrirtæki eindregið til að taka þátt í þessu frábæra framtaki.

Nú fer að líða að lokum vetrarstarfsins hjá UMFH. Mikið og öflugt starf hefur verið unnið og eiga þeir sem það hafa unnið miklar þakkir fyrir góða vinnu fyrir krakkana okkar. Starfið hefur skilað afreksfólki og núna voru t.d. þrjár stelpur valdar í yngri landslið Íslands í körfubolta kvenna. Þær Þórdís Jóna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Björk Einarsdóttir í U16 og Birgit Ósk Snorradóttir í U15. Vil ég óska þeim til hamingju með þetta afrek. Síðan má ekki gleyma gömlu köllunum í blakinu en karlalið Hrunamanna stulaðist til að verja íslandsmeistaratitil sinn í blaki karla í fyrstu deild. Nú hefur verið rætt meðal ungmennafélaganna í Uppsveitum að skoða hvort skynsamlegt sé að stofna sameiginlegt íþróttafélag/bandalag um íþróttastarfsseminu. Ungmennafélögin myndu halda gildi sínu en íþróttastarfið yrði samræmt. Ljóst er að erfitt er að halda upp öflugu íþróttastarfi án þess að til sé gott stoðkerfi, bæði faglega og fjárhagslega.

Tengt þessu þá gengur vinna við stækkun íþróttahússins mjög vel og er tímanlega á áætlun. Ljóst er hins vegar að það kostar verulega fjármuni að búa húsið þeim tólum og tækjum sem því sæmir. Sveitarfélagið hefur verið í góðu samstarfi við UMFH og deildir félagsins hvað þarf í því sambandi. Ljóst er að sveitarfélagið og UMFH þarf hjálp samfélagsins og velunnara til að svo takist með sóma og vonandi sjá margir sé fært að styrkja áhalda- og tækjakaup með einhverjum hætti eða nýta sér tækifæri til að auglýsa sig eða sín fyrirtæki í húsinu.

Ég verð síðan að hrósa Flúðaskóla fyrir hvernig skólinn stendur að árshátíð Flúðaskóla. Það er gaman að sjá hvað krakkarnir standa sig vel og ómæld er sú vinna sem starfsmenn Flúðaskóla leggja á sig til að gera þessar sýningar sem glæsilegastar. Það er síðan bara spurning um hvenær „Mánabar“ verður að veruleika

Þá er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar.

Að lokum vil ég hvetja menn að huga að umhverfi sínu, klippa tré og runna, og huga almennt að tiltekt þegar við erum að koma undan vetri. Munum að umhverfi okkar er andlit sveitarinnar.

Megum við eiga gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

# *Veitinga- og gistihúsið Flúðum Kaffi Grund*

**Kveðjum veturinn og  
fögnum sumri**



**Síðasti vetrardagur,  
miðvikudagur 22. apríl,  
Kjötsúpa kr. 950,-  
Víking/Thule í 0,5 l dós kr. 750,-**

**Sumardagurinn fyrsti, fimmtudagur 23. apríl.  
Vaffla m/rjóma og kaffi/kakó á kr. 850,-**

*Tilboðin gilda áður nefnda daga meðan birgir endast.*

Starfsmenn frá Vinnuálastofnun litu við hjá sveitarstjórn á dögnum, en nú er átak í gangi sem kallast, „Virkjum hæfileikana, alla hæfileikana“.



## Samkaup strax

### Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax  
á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.  
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dómur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



**Upplit**

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

S.S. fréttir.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir árið 2014, var haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð, 20. mars s.l. Deildarkjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild voru: Bjarni Valur Skippholti, Eiríkur Grafarbakka, Esther Sólheimum, Samúel Bryðjuholti auk deildarstjóra, Jóhönnu Hrafnkelsstöðum. Ársskýrsla og reikningar, sýndu sterka stöðu félagsins. En samkeppnin er hörð og óvægin. Helsta baráttuafli okkar er tryggð ykkar innleggjenda og viðskiptavina. Það ber að þakka af heilum hug. Stefnan er að geta endurgoldið traustið, en uppbótastefnan er m.a. liður í því. Allar fréttir og áðurnefndar skýrslur má finna inn á vefnum [www.ss.is](http://www.ss.is). Að lokum vill S.S. minna bændur á, sem þurfa að senda gripi í sláturhús, að fylgjast vel með boðuðum verkföllum, því þau setja strik í reikninginn í sláturhúsinu og vinnslunni.

Bestu kveðjur og þakklæti til allra, frá Sláturfélagi Suðurlands.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Aðalsafnaðarfundur Hrepphólasóknar.  
Aðalfundurinn verður haldinn í Safnaðarheimilinu  
í Hrepphólum mánudaginn 27. apríl nk.kl.20.30.  
Venjuleg aðalfundarstörf. Katrín Ólafsdóttir gefur  
ekki kost á sér til endurkjörs.



## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



**Samband sunnlenskra kvenna**

**Kt. 550269-5709**

**Reikn.nr: 182-15-380610**

Eins og venjulega er ýmislegt á döfinni hjá Sambandi sunnlenskra kvenna(SSK) – þar ber nú hæst, að hafinn er undirbúningur fyrir landsþing Kvenfélagasambands Íslands(KÍ). SSK mun verða gestgjafi og framkvæmdaraðili þingsins, sem er um leið aðalfundur KÍ. Þingið verður haldið á Hótel Selfossi dagana 9. - 11. okt. n.k. Yfirskrift þingsins er *Hækkum flugið – kosningaréttur kvenna í eina öld* – Gera má ráð fyrir að þetta þing saki um 150-200 konur hvaðanæva að af landinu.

Af þessu tilefni ætlar Samband sunnlenskra kvenna að gefa út blað sem allir þingfulltrúar fá afhent við setningu þingsins og fá þeir um leið aukablöð til að dreifa í sín heimahéruð.

– Í blaðinu “Hækkum flugið” er m.a. fyrirhuguð margvísleg umfjöllun um þá fjölbreyttu þjónustu ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og stofnana sem er í boði í Árnes- og Rangárvallasýslum og getur blaðið því orðið mjög góð kynning fyrir þetta landsvæði.

Kvenfélagskonur innan SSK leggja mikið af mörkum til samfélagsins bæði með fjárframlögum og annarri sjálfboðinni vinnu sem ekki verður metin til fjár. Geta má þess að meginhluti þeirra fjármuna sem þær afla fer til málefna heima í héraði. Á árunum 2013 og 2014 veittu kvenfélögin innan SSK styrki til samfélagsins samtals að fjárhæð um **39 milljónir króna**, þar af fóru um **18,5 milljónir kr.** til heilbrigðis- og líknarmála, um **14,1 milljón kr.** til mennta-, menningar- og umhverfismála og um **6,4 milljónir kr.** til öldrunar-mála. Þessa fjár hafa kvenfélögin aflað með margvíslegri starfsemi og má nefna: basara, hlutaveltur, skemmtanir, kaffisölur, erfidrykkjur, bókaútgáfur o.fl.

Kvenfélagskonur munu á næstunni leita með bréfi til ferðaþjónustuaðliða, fyrirtækja og ýmissa stofnana varðandi auglýsingar og umfjöllun í blaðið “Hækkum flugið”. Vonast er til að fyrrgreindir aðilar sjái hag sinn í að verða við þeirri málaleitan.

Allar frekari upplýsingar gefur Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK, sími 865-2753 netfang: [formadurssk@gmail.com](mailto:formadurssk@gmail.com)



# Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufraeðingur  
Sími: 858-3399  
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**

**EIMSKIP**

**Flúðaleið ehf**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

## Kosningaréttur kvenna 1915

Í ár er því fagnað að 100 ár eru síðan konur fengu kosningarétt. Af því tilefni ætla kvenfélög í uppsveitunum að safna frásögnum af formæðrunum.

Míningar ykkar og okkar eru fjársjóður framtíðarinnar!

Við hvetjum alla sem vettlingi geta valdið til að setja á blað stutt eða löng minningabrot og frásagnir af konum, fyrst og fremst þeim sem voru á lífi (ungar eða gamlar) árið 1915, en þó er ekkert aldurstakmark.

Við leitum að hvers konar minningum og frásögnum úr daglegu lífi eða frá einstökum atvikum, persónulýsingum, upplýsingum um störf, nám, viðhorf, áhugamál, gleði og sorgir o.s.frv. Engin frásögn er of löng, engin of stutt - allar merkilegar.

Sögur sendist til Margrétar Guðmundsdóttur:

Handskrifaðar: Margrét Guðmundsdóttir, Melbæ 24, 110

Reykjavík.

Tölvunotendur sendi skjöl til [mgu@hi.is](mailto:mgu@hi.is).

Tek að mér að afleysingar og ýmiskonar vinnu, fyrir bændur og aðra sem þess óska.

Mads Jörgensen S:8458307

Reykholt



## Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 24. apríl 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímamantanir í síma: 863 0433

**Allir velkomnir!**

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



## Frá Félagi eldri Hrunamanna.-Sumarferð.

Árleg sumarferð FEH verður farin sunnudaginn 21.júní, tveggja daga ferð.

Farið verður um Snæfellsnes og gist að

Langaholti í Staðarsveit.

Lagt af stað frá Flúðum kl: 9:30.

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi 9.maí í síma 486-6670

Með félagskveðju Bubba og Magnús Birtingaholti.



## Aðalfundur björgunarfélagsins Eyvindar

Aðalfundur Eyvindar verður haldin mánudagskvöldið 4. maí kl. 20:30.

Dagskrá fundarins: Venjuleg aðalfundastörf.

Gamlir og nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin

**Þann 22. Apríl verður aðalfundur Ungmennafélags Hrunamanna haldin í félagsheimili Hrunamanna, fundurinn byrjar kl 20:00**

**Allar deildir hvattar til að senda fulltrúa sína á fundinn.**

**Venjuleg aðalfundarstörf á dagskrá og ný stjórn kosin.**

**Erla Björg gefur ekki kost á sér áfram í stjórn.**

**Sjáumst 22. apríl**

## Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

## Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi, frá kl: 12:00-15:00

# AUGLÝSING

## um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsir eftir aðilum til að nýta lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum. Um er að ræða ca 6,14 ha lóð, sbr. drög að hnitsettu lóðablaði um svæðið. Jafnframt er um að ræða umsjón og eftirlit með landi og landsréttindinum á ca. 2993 ha svæði sem markast af deiliskipulagi fyrir svæði í Kerlingarfjöllum sem samþykkt var í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 9. júní 2014.

Sú kvöð fylgir lóðinni undir hálendismiðstöðinni að leigutaka er skylt að leysa til sín öll mannvirki á henni óski eigendur þeirra eftir því.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Hrunamannafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Hrunamannahrepps til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að varalengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ár.
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálendinu og starfsemi fjallaskála,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja.

Upplýsingar um drög að lóðablaði og deiliskipulag svæðisins má nálgast á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðum og á heimasíðu sveitarfélagsins [www.fludir.is](http://www.fludir.is). Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til sveitarfélagsins Hrunamannahrepps, eigi síðar en 27. apríl nk.



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

## **Leikskólinn Undraland, Flúðum auglýsir.**

100% stöðu leikskólakennara fyrir skólaárið 2015-2016

75% stöðu leikskólakennara fyrir skólaárið 2015-2016

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda 36 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Farið verður af stað með þróunarverkefni á næsta skólaári sem nefnist „Útikennsla í anda Reggio“. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

### **Verkefni:**

Helstu verkefni leikskólakennara eru samkvæmt starfslýsingu í kjarasamningi FL og í samráði við leikskólastjóra.

### **Menntun:**

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

### **Hæfni:**

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

### **Launakjör:**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

### **Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.**

Umsóknarfrestur er til 8. maí 2015. Umsóknareyðublöð má nálgast hjá leikskólastjóra. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið

[halldora@undraland.is](mailto:halldora@undraland.is). Nánari upplýsingar um störfin veitir Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.



## LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss  
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

**ÁSBÚÐIN** Á FLÚÐUM  
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866  
BREYTTUR OPNUNARTÍMI  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17  
LAUGARDAGA 11-13



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Hrunamannahrepps

### Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 15. júní til og með 17. júlí í sumar.  
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir  
á árunum 1999 –2001.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 12. maí  
á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 , eða á netfang:  
hruni@fludir.is



## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi

# Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

í samstarfi við



Lokakvöld Uppsveitadeildar Loga, Smára og Trausta verður haldið föstudagskvöldið 17. apríl kl. 19:45 í Reiðhöllinni á Flúðum.

Þá hefst keppni í tölti og fljúgandi skeiði. Keppni knapa er mjög spennandi og lítill munur á milli þeirra. Tveir efstu knaparnir eru jafnir að stigum, þeir Arnar Bjarki Sigurðarson og Bjarni Bjarnason.

Lokakvöldið sker úr um sigurvegara Uppsveitadeildarinnar 2015, bæði í einstaklingskeppni og í liðakeppni. Við hvetjum fólk til að mæta og styðja sín lið í lokakeppninni.

**Staða efstu knapa er þessi:**

1. - 2. Arnar Bjarki Sigurðars.	47
1. - 2. Bjarni Bjarnason.	47
3. Hulda Finnisdóttir.	41
4. Árný Oddbjörg Oddsd.	37
5. Hermann Þór Karlsson.	35
6. Finnur Jóhannesson.	33,5
7. Jón Óskar Jóhannesson	33
8. Sigurbjörg Bára Björnsd.	32,5
9 - 10. Guðjón Sigurliði Sig.	25,5
9.- 10. Þorsteinn G. Þorst.	25,5

**Staða liðakeppninnar er þessi:**

Hrosshagi/Sunnuhvoll.	108,5
Arion banka liðið.	94,5
Þórisjötnar	90
Gamli og guttarnir	85
Landstólpi.	67,5
Forsæti.	56
Jáverk.	50
Kilhraun.	48,5

## Handverkssýning FEH

Okkar árlega handverkssýning verður í Félagsheimili Hrunamanna sunnudaginn 26. apríl frá kl. 13 - 17.


Kaffihúsastemning, lifandi tónlist.

Kaffi og meðlæti á hóflegu verði.

Kæru sveitungar! Komið og kynnið ykkur vetrarstarf eldri Hrunamanna.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja, Sigga, Anna María og Árni Magnús





**KARLAKÓR**  
**SELFÓSS**  
1965 - 2015

## Tónleikar 2015

23. apríl í Selfosskirkju kl. 20.30

28. apríl í Selfosskirkju kl. 20.30

30. apríl í Fella og Hólakirkju kl. 20.00

2. maí á Flúðum kl. 20.30

Stjórnandi: Loftur Erlingsson

Píanóleikur: Jón Bjarnason



## Umhverfisdagur Hrunamannahrepps Föstudaginn 8.maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjálst þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrki stjórn ruslamálaráðherra, Óskars Rafns Emilssonar. Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi.

Ruslabrenna verður venju samkvæmt upp úr kl: 18:00 á gámasvæðinu og síðan er öllum boðið í grillveislu í framhaldinu niður í Torfdal.

Með vinsemd og virðingu,

Umhverfisnefnd

og

Óskar Rafn Emilsson, Ruslamálaráðherra 2015.

## **Vísindaferð og Aðalfundur**

Hin árlega **Vísindaferð** Hrossaræktarfélags Hrunamanna verður farin laugardaginn 18. apríl næst komandi. Að þessu sinni verður um óvissuferð að ræða en við lofum góðri skemmtun.

Vinsamlegast pantið fyrir 17.apríl hjá Sigurði Hauki sími: 8943059 svo hægt sé að útvega rútu undir mannskapinn. Rútukostnaður verður u.þ.b 2000,- kr á mann.

Ath. Brottför frá búðinni kl:12.00 og áætluð heimkoma á milli 18-19. Við stefnum svo á að borða á Kaffi-Grund, sem er með freistandi tilboð fyrir okkur.

Síðan er um að gera að skella sér á stórskemmtilega sölusýningu í Reiðhöllinni.

**Aðalfundur** Hrossaræktarfélags Hrunamanna verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum þriðjudagskvöldið 28.apríl klukkan 20:30. Venjuleg aðalfundastörf.

Vonumst til að sjá sem flesta, stjórnin.



# Sáðvörulistinn 2015

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð pr/kg án vsk.
<b>Vallarfoxgras</b>			
Vega	25-30	25	738
Grindstað	25-30	25	890
Tuukka	25-30	25	625
<b>Vallarsveifgras</b>			
Sobra	25-30	25	695
<b>Vingull</b>			
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580
Hávingull Baraika	25-30	25	998
<b>Grasfræblöndur</b>			
Stólpablenda I Fyrir kýr*	25-30	25	741
Stólpablenda II Fyrir fé og beit**	25-30	25	753
Stólpablenda III Hávingulsblenda***	25-30	25	625
<b>Fjölært rýgresi</b>			
Calibra	25-30	25	495
<b>Sumarrýgresi</b>			
Barspectra	25-30	25	420
Barfigra	25-30	25	415
Jivet	25-30	25	420
<b>Vetrarrýgresi</b>			
Barmultra	25-30	25	382
<b>Sumarrepja / Vetrarrepja / Fóðurnæpa</b>			
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050
Vetrarrepja Barcoli	8-10	25	479
Vetrarrepja Akela	8-10	25	415
Fóðurnæpa Samson	1,5	1	930
<b>Grænfóðurhafnar</b>			
Domenic	180-200	50	135
Grey	180-200	400	135
<b>Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári</b>			
Ertur Javlo	200-225	500	160
Hestabaunir Colombo <i>NYJUNG</i>	180-200	25	190
Hvílsmári Rivandel	5-6	10	1.250
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645
<b>Bygg 6 raða</b>			
Voitto 6 raða	180-200	700/30	129
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	129
Filippa 2ja raða	180-200	700	134
Tamtam 2ja raða	180-200	50	119
<b>Vorhveiti</b>			
Vorhveiti Amaretto	180-200	500	138

## NÝJUNG HESTABAUNIR



Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldar mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgerðar.

Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænfóðri um nokkurt skeið með góðum árangri.

Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsæði síðastliðin ár og uppskorið sterkju- og próteínríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti Íslenskum aðstæðum.

### Vallarfoxgras Tuukka - Vega

Við viljum vekja athygli á vallarfoxgras yrkinu Tuukka sem við höfum verið með á sáðvörulista hjá okkur síðan 2011. En Tuukka ásamt Vegu hefur verið okkar aðalyrki í vallarfoxgrasi í nokkur ár enda bæði komið einstaklega vel út, bæði hvað varðar vetrarþol, uppskeru og lystugleika.



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

# Stóðhestar sumarið 2015

Fyrri gangmál:

Kolskeggur frá Kjarnholtum 1  
IS2008188560

Dómur 2014

Bygging: 8,74 Hæfileikar: 8,65

Aðaleink.: 8,69

Kynbótamat: 124

Verð á folatolli með girðingargjaldi og einni sónarskoðun er krónur 148.800 með vsk.

Félagsmannaafsláttur er krónur 16.700



Seinna gangmál:

Aðall frá Nýjabæ IS1999135519

Dómur 2006

Bygging: 8,13 Hæfileikar: 8,97 Aðaleink.: 8,64

Kynbótamat: 123

Aðall er með fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og mun væntanlega hljóta heiðurs verðlaun fyrir afkvæmi á næsta ári.

Verð á folatolli með girðingargjaldi og einni sónarskoðun er krónur 124.000 með vsk.

Félagsmannaafsláttur er krónur 16.700.

Vinsamlegast pantið sem fyrst, hér er um vinsæla hesta að ræða, félagsmenn ganga fyrir ef pantað er fyrir 25. apríl og eins óskast fyrri pantanir staðfestar fyrir sama tíma.

Pantanir eru hjá Sigurði Hauk

í síma 894-3059 eða

skollagrof@skollagrof.is





## Kótilettukvöld.

23. apríl 2015, sumardagurinn fyrsti.

Kl. 19.00-21.00

Gamaldags lambakótilettur í raspi með soðnum kartöflum,  
grænum baunum, rauðkáli og rabbarbarasultu.

Borðapantanir í síma 774 7440



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



Hrunamannahreppur

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.  
Opnunartími hreppsskrifstofu.  
Mánudaga til fimrudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00  
Föstudaga: 09:00-12:30*



# Smárafréttir



APRÍL 2015

**Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta var haldið í reiðhöllinni á Flúðum 1. apríl. Ágætis þátttaka var á mótinu og vill mótanefnd þakka þeim sem komu að framkvæmd mótsins, styrktaraðilum sem og þátttakendum og áhorfendum fyrir komuna. Hér fyrir neðan má sjá efstu Smárafélaga í hverjum flokki. Úrslitin í heild sinni má finna á [www.smari.is](http://www.smari.is)**

**BÖRN—Þorvaldur Logi Einarsson/Brúður frá Syðra-Skörðugili**

**UNGLINGAR—Helgi Valdimar/Hugnir frá Skollagróf**

**UNGMENNI—Hrafnhildur Magnúsdóttir/Eyvör frá Blesastöðum1A**

**1. FLOKKUR—Guðmann Unnsteinsson og Verðandi frá Síðu**



**Þriðja og síðasta vetrarmót Smára verður haldið laugardaginn 25 apríl kl. 14.00** Keppt verður í pollaflokk, barnaflokk, unglingsflokk, ungmennaflokk, II flokk og I flokk. Skráning verður í reiðhöllinni frá 13.30 Skráningargjald er 1500 kr , frítt fyrir börn og polla.

Staðan í stigasöfnuninni er æsispennandi og hvetjum við alla til að vera með eða koma og fylgjast með síðasta vetrarmótinu, hægt er að sjá úrslit frá síðasta móti ásamt stöðunni á [www.smari.is](http://www.smari.is)

**Vonumst til að sjá sem flesta, kveðja mótanefnd**

*Nokkrar myndir frá 2. vetrarmóti*



# Firmakeppni Smára 2015



Verður haldin á Flúðum 1 maí að venju  
og hefst stundvíslega kl. **13.00**

*Kept verður í eftirfarandi flokkum :*

Polla flokkur (9 ára og yngri)	☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆
Barna flokkur (10-13 ára)	☆
Unglinga flokkur (14-17 ára)	☆
Ungmenna flokkur (18-21 árs)	☆
Kvenna flokkur	☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆
Karla flokkur	
Heldri manna og kvenna flokkur	
Fljúgandi skeið gegnum höllina	

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríðandi, gangandi eða akandi.*

**STJÓRNIN**

\*Reglur firmakeppni má finna inn á [www.smari.is](http://www.smari.is) undir liðnum LÖG OG REGLUR



*Að lokinni firmakeppni mun hestamannafélagið Smári bjóða upp á kaffi í tilefni af **70 ára** afmæli félagsins sem var 1 mars síðastliðinn. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. Endilega takið daginn frá og komið og gleðjist með okkur.*



Til hamingju með frábæran árangur á öðru móti Uppsveitadeild Æskunnar!

Við erum óendalega stolt af ykkur!

Einnig gaman að sjá hve margir lögðu leið sína til að horfa á og klappa fyrir ungu knöpum okkar. Skorum á alla að setja strax **9 MAÍ** í dagatalið þegar unga fólkíð okkar keppir í Smala og Skeiði. Meðfylgjandi er staðan í stigasöfnunni sem er æsispennandi. Úrslit frá öllum greinum í barna og unglingaflokki má finna inn á facebook og [www.smari.is](http://www.smari.is)

STIGASÖFNUN		Þrigg	Fjórg	Fimmg	Töit	Smali	Skeið	Samtals
<b>Börn</b>								
Aron Ernir Ragnarsson	Smári	10	7		10			27
Þórey Þula Helgadóttir	Smári	7	10		8			25
Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	6	9		9			24
Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	9	6		7			22
Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	5	5		6			16
Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	8	4		3			15
Valdís Una Guðmannsdóttir	Smári		8		4			12
Sigurlinn María Sigurðardóttir	Smári	4			5			9
<b>Unglingar</b>								
Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi		10	5	10			25
Eva María Larsen	Logi		7	9	9			25
Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi		9	8	7			24
Karítas Ármann	Logi		8	7	4			19
Sigríður Magna Kjartansdóttir	Logi			10	8			18
Einar Ágúst Ingvarsson	Smári		5	6	5			16
Helgi Valdimar Sigurðsson	Smári		6	4	3			13
Viktor Máni Sigurðsson	Smári		4		6			10
Hanna Winter	Smári		3		2			5
<b>Smári</b>		49	18	10	68			145
<b>Logi</b>		0	34	39	38			111

Nú er námskeiðið með Gunnu nánast að klárast en við erum strax komin með næsta námskeið í gang. Í apríl og maí mun Þorsteinn G. Þorsteinsson í Syðra-Langholti, hestafræðingur og leiðbeinandi, verða með Reiðskóla fyrir okkur.

Fyrsta námskeiðið byrjar 13.apríl og endar með útreiðtúr 1.júni. Þetta námskeið seldist upp á fáeinum dögum og við erum nú þegar að skipuleggja annað eins námskeið til að geta boðið fleirum áhugasömum krökkum upp á þáttöku.

**Frábært að sjá svo mikinn áhuga hjá krökkunum!**

Svo erum við að leggja hönd á Hestheimarferðina okkar sem verður farið síðasta helgin í maí. Langbest að taka strax þessa helgi frá fyrir þessa skemmtilegu ferð. Við auglýsum hana betur þegar nær dregur en viljum hvetja ykkur og alla foreldra að fylgjast vel með auglýsingum á Facebooksíðu Smáarakkrar!



Kær kveðja, Æskulýðsnefnd Smára

Myndir frá árshátíð Flúðaskóla 2015

